

Stofnanasamningur

Ljósmeðrafélags Íslands, annars vegar og Sjúkrahússið og heilsugæslustöðin á Akranesi, hins vegar gera með sér samkomulag um nánari forsendur og reglur um röðun starfa við stofnunina samkvæmt ákvæðum 10. grein í kjarasamningi Ljósmeðrafélags Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, dags. 16. september 2008..

1. grein - gildissvið

Samkomulag þetta nær til allra ljósmeðra sem eru í starfi hjá SHA og tilheyra LMFÍ.;

2. grein – markmið

Markmið stofnanasamnings samkvæmt kjarasamningi er að auka gæði þjónustunnar með því að efla samstarf ljósmeðra og stjórnenda. Samstarfinu er ætlað að bæta rekstrarskipulag stofnunarinnar, bæta nýtingu rekstrarfjármagns og skapa grundvöll fyrir aukinni hagræðingu og skilvirkara launakerfi og þannig gefa ljósmeðrum tækifæri til að þróast og bæta sig í starfi og þar með auka möguleika þeirra á bætum kjörum.

Að færa ákvörðun um launasetningu starfa nær starfsvettvangi þar sem hægt er að bregðast hraðar við breytingum sem eiga sér stað á störfum og skipulagi stofnana og stuðla að árangurstengingu launa í samræmi við markmið og stefnu stofnana.

Aðilar eru sammála um eftirfarandi meginmarkmið stofnanasamnings.

- Að launakerfið sé sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti.
- Að launakerfið nýtist sem stjórnþæki til að ná fram markmiðum stofnunarinnar.
- Að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir ljósmeður til áhrifa á framgang starfs.
- Að launakerfið verði ljósmeðrum hvatning til aukinnar fagmennsku og framþróunar.
- Að launakerfið verði ljósmeðrum hvatning til metnaðar í starfi til að takast á við ný og fjölbreytt verkefni.
- Að launakerfið verði ljósmeðrum hvatning til markvissari vinnu og til aukinna afkasta.
- Að launakerfið opni fyrir þann möguleika að ljósmeður geti samið við yfirmenn um fastar greiðslur sem ekki eru hluti af grunnlaunum.
- Að launakerfið tryggi ljósmeðrum sambærilega launaþróun á við aðrar sjúkrastofnanir.
- Að launakerfið stuðli að jafnrétti kynjanna og að konur og karlar njóti sömu kjara fyrir sambærileg störf.

3. grein – röðun starfa í launaflokka

Aðilar eru sammála um að hafa til hliðsjónar eftirfarandi þætti um röðun starfa í launaflokka.

- Þau verkefni og skyldur sem í starfinu felast.
- Sú færni (kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að geta innt starfið af hendi.
- Sú ábyrgð sem í starfinu felst miðað við hlutverk þess í skipulagi stofnunar.

Hluti af samningi þessum er fylgiskjal I sem hefur að geyma röðun starfa í launaflokka og starfslýsingar. Ljósmeðir á rétt á árlegu starfsmannaviðtali við sinn næsta yfirmann m.a. m.t.t. starfsþróunar.

4. grein – persónu- og tímabundnir þættir

Við mat á persónu- og tímabundnum þáttum eru aðilar sammála um eftirfarandi forsendur sem geta leitt til hækkunar á grunnlaunum samanber 3. grein samkomulags eða til mats á álagsþáttum.

- Námskeið/viðbótarnám, sem nýtist í starfi en ekki er krafist í starfslýsingu.

- Reynsla í viðkomandi starfi.
- Álag.
- Verkefni.
- Hæfni, sérstakur árangur og/eða frammistaða.

Vægi álagsþátta getur að hámarki numið 20% af viðkomandi launaflokki í 2,5% bilum samkvæmt gildandi launatöflu. Hluti af samningi þessum er fylgiskjal II, sem hefur að geyma röðun ljósmæðra í launabrep samkvæmt persónu- og tímabundnum þáttum.

5. grein – hlutverk samstarfsnefnda

Samstarfsnefnd annast gerð, endurskoðun og breytingar á stofnanasamning samanber grein 11.3 í kjarasamningi. Þar skal einnig samið um röðun starfa samkvæmt 25. grein laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Samstarfsnefnd skal enn fremur fjalla um ágreiningsmál sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar stofnanasamnings.

6. grein – gildistími, endurskoðun og meðferð ágreiningsmála

Gildistími samkomulags þessa er frá 1. ágúst 2008 og gildir til 31. mars 2009. Hvor aðili um sig getur óskað eftir endurskoðun á samkomulagi þessu, verði breytingar á starfsemi stofnunarinnar eða eininga innan stofnunarinnar eða störfum einstakra starfsmanna. Skal þá metið hvort forsendur hafi breyst þannig að ástæða sé til að gera breytingar á stofnanasamningi. Samstarfsnefnd skal funda svo fljótt sem auðið er en þó ekki síðar en fjórum vikum eftir að erindið berst.

Náist ekki samkomulag í nefndinni innan þriggja mánaða frá því að erindi kemur til meðferðar nefndarinnar, getur hvor aðili um sig óskað eftir því að sáttanefnd fjármálaráðuneytis og LMFÍ fjalli um málið samanber grein 11.5 í kjarasamningi.

Við gildistöku samkomulags þessa falla úr gildi allir eldri stofnanasamningar (aðlögunarnefndarsamningar) sem í gildi eru á milli samningsaðila.

7. grein - undirritun

Fulltrúar samstarfsnefndar staðfesta hér með stofnanasamning þennan með undirritun sinni.

Með samningi þessum eru fylgiskjöl I, II og III.

Akranesi, 8. október 2008..
